



Tekjuþróun landsmanna á réttri leið eftir mikið fall

Mikill tekjusamdráttur eftir hrun

Í vikunni birti Hagstofa Íslands tölur um tekjuþróun hér á landi síðustu ár. Heildartekjur Íslendinga náðu hámarki á árinu 2007, en féllu svo mikið á árunum 2008-2010. Meðaltekjur lækkuðu um 34% að raungildi á milli árunna 2007 og 2010. Tekjuþróun hefur svo verið upp á við frá árinu 2011, sérstaklega á árunum 2014 til 2016, þegar þær hækkuðu um 20%.

Sé litið á einstakar tegundir tekna kemur í ljós að bæði atvinnutekjur og fjármagnstekjur tóku að falla mikið á árinu 2008, og á það einkum við um fjármagnstekjurnar sem lækkuðu um þriðjung á því ári. Fjármagnstekjurnar höfðu reyndar hækkað verulega á árunum þar á undan. Atvinnutekjur tóku að aukast að raungildi á árinu 2010 en fjármagnstekjurnar fóru ekki að þróast upp á við fyrr en árið 2012, eða tveimur árum seinna.


Tekjur eftir sveitarfélögum á árinu 2016

Á árinu 2016 voru meðaltekjur eftir sveitarfélögum hæstar á Seltjarnarnesi og næst hæstar í Garðabæ. Meðaltekjur í Garðabæ voru um 35% hærri en þær voru að meðaltali í landinu öllu. Það er athyglisvert að höfuðborgin kemst ekki á lista 10 tekjuhæstu sveitarfélaga, en hún var í 12. sæti. Annars eru nokkur sveitarfélög með sterkan sjávarútveg í hópi þeirra sveitarfélaga þar sem tekjur eru hæstar.


Mismunandi tekjur í stærstu bæjum

Sé litið á tekjur í stærstu bæjum landsins eru Seltjarnarnes og Garðabær í nokkrum sérflokk. Kópavogur kemur þar á eftir, en þar voru meðaltekjur á árinu 2016 um 20% lægri en á Seltjarnarnesi. Af stærstu bæjunum voru tekjurnar lægstar í Árborg og Reykjanesbæ en þar voru þær um 10% undir landsmeðaltali.


Meðal heildartekjur á verðlagi ársins 2016



Tekjuþróun á verðlagi ársins 2016



Heildartekjur 2016 - meðaltal í sveitarfélögum





Mismunandi tekjupóstar

Heildartekjur eru summan af atvinnutekjum, fjármagnstekjum og öðrum tekjum. Samsetning þessara tekjupósta er mismunandi eftir sveitarfélögum. Eins og áður segir lækkuðu fjármagnstekjur verulega í kjölfar hrunsins og hafði sú þróun því mismunandi áhrif í einstökum sveitarfélögum.

Fjármagnstekjur mjög mismunandi

Sé litið á fjármagnstekjur á árinu 2016 kemur í ljós að þær eru miklar í sumum smærri sveitarfélöganna. Slíkt kemur ekki á óvart þar sem háar tekjur fárra hafa meiri áhrif í smærri sveitarfélögum en stórum. Á árinu 2016 voru meðalfjármagnstekjur hæstar í sveitarfélaginu Ölfusi, um 2,3 m.kr. á árinu. Þar á eftir komu Seltjarnarnes, Dalabyggð og Hornafjörður.

Meðalfjármagnstekjur á landinu öllu á árinu 2016 voru rúm hálf milljón þannig að það er augljóslega mikil dreifing á því hversu háar fjármagnstekjurnar eru. Sé litið á hlutfall fjármagnstekna af heildartekjum sést greinilega að stærð viðkomandi sveitarfélaga hefur mikil áhrif. Í sveitarfélagunum Ölfusi og Dalabyggð voru fjármagnstekjur þannig í kringum 30% heildartekna á meðan hlutfallið fyrir landið allt var um 9%.


Hlutfall fjármagnstekna í stærstu sveitarfélögunum var líka mjög mismunandi á árinu 2016, allt frá 22% á Seltjarnarnesi niður í 4% í Reykjanesbæ. Hlutfall fjármagnstekna af heildartekjum var að meðaltali um 9% á árinu 2016, sem er sama hlutfall og á landinu öllu.

Tekjur má gera upp með ýmsum hætti


Tekjuheimurinn er frekar flókinn. Tekjuhugtökin eru mörg og það er hægt að skoða þróun og stöðu með margs konar hætti. Hér hefur meðaltal heildartekna einstaklinga verið skoðað, bæði þróun yfir tíma og samanburður milli sveitarfélaga á árinu 2016.

Helsta niðurstaðan er sú að rauntekjur hafa aukist töluvert á síðustu árum eftir verulegt fall í kjölfar hrunsins. Á allra síðustu árum hafa rauntekjur aukist af ýmsum ástæðum. Laun hafa hækkað, atvinnuþáttaka aukist, vinnutími lengst og verðbólga verið lítil. Það sem greinir stöðuna nú frá


Heildartekjur í stærstu bæjum landsins 2016



Meðal fjármagnstekjur á ári



Hlutfall fjármagnstekna af heildartekjum





svipuðum tímabilum á umliðnum árum er að verðlag hefur verið mjög stöðugt sem gerir það að verkum að jákvæða tekjuþróunin hefur haldið raungildi sínu betur en oft áður.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.